

## REGLUR UM FARBANN VEGNA SALMONELLASÝKINGA

### VIÐAUKI I

**Sýnataka og sýklaræktun vegna rannsókna á Salmonella í saursýnum úr svínum, nautgripum og hrossum.**

#### 1. Sýnataka.

- 1.1. Taka skal einstaklingssýni, a.m.k. 10 g úr hverju dýri og setja í sérstakt dauðhreinsað ílát og merkja með einstaklingsnúmeri og dagsetningu.
- 1.2. Úr kálfum og grísum í stíum skal taka a.m.k. 50 g (10 g frá a.m.k. 5 dýrum) safnsýni úr stíunni. Sýnin skulu sett í dauðhreinsað ílát og merkt með stíunúmeri og dagsetningu.
- 1.3 Senda skal sýnin eins fljótt og auðið er þannig að þau séu tekin til rannsókna innan 24 - 48 klst.

#### 2. Sýklaræktun.

- 2.1. Frá hverju einstaklingssýni skal taka 5 g, afganginn skal geyma áfram við 4 °C þar til rannsókn er lokið. Setja má sýni úr allt að 15 dýrum í eitt safnsýni.
- 2.2. Ef Salmonella finnst í safnsýni skal rannsaka hvert einstaklingssýni sem safnsýnið samanstendur af fyrir sig.
- 2.3. Safnsýni úr stíum er blandað vel saman og 25 g tekin til rannsóknar.
- 2.4. Rannsaka skal sýnin samkvæmt NMKL aðferð nr. 71